



Ályktun 7. þings Samiðnar um löggildingu iðngreina

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur um nokkurn tíma verið með vinnu í gangi að endurskoða iðnaðarlög og þar með löggildingu starfa. Kveikja þeirrar vinnu virðist vera kæra áhugaljósmyndara til ráðuneytisins þar sem þeim er óheimilt að starfa sem atvinnuljósmyndarar. Að mati Samiðnar þarf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að hafa mjög náð samstarf við hagsmunaaðila við þessa vinnu þar sem annars vegar takast á hagsmunir um atvinnufrelsi og hins vegar neytendavernd, öryggi og almannaeilbrigði.

Til að öðlast réttindi til iðnaðarstarfa í þeim greinum sem lúta iðnaðarlögum og reglugerð um löggiltar iðngreinar, þarf viðkomandi að standast lokapróf, sveinspróf eða þær kröfur sem skilgreindar eru af starfsgreinaráði viðkomandi greinar um sveinspróf. Lokaprófið staðfestir kunnáttu og færni og að nemandi *hafi tamið sér virðingu fyrir starfi sínu og faglega færni á þeim viðfangsefnum sem starfið tekur til.*

Löggilding iðngreina er því trygging á þekkingu, hæfni og færni einstaklings og stofnast við lokapróf í viðkomandi fagi. Í löggiltum greinum er öðrum óheimilt að stunda iðnrekstur en þeim sem hafa uppfyllt lögmæt skilyrði.

Tilgangur löggildingar er því að lágmarka áhættu og fyrirbyggja slys og tjón með eftirliti með því hverjir starfa í hverri grein og tryggja kunnáttu þeirra og færni þannig að öryggi almennings sé ekki ógnað.

Neytendavernd varðar vernd viðskiptavina fyrir svikinni vöru. Það er ekki hægt að gera kröfu til neytenda að þeir viti eða megi vita hvaða áhætta felst í því að eiga viðskipti við ófaglærðan mann, má færa rök fyrir því að stjórnvöldum sé heimilt að gera kröfur um lágmarksþekkingu og kunnáttu, til þeirra sem vilja vinna tiltekin störf.

Til að traust ríki til þeirra sem mennta sig til ákveðinna starfa er mikilvægt að almenningur gangi ekki að því gruflandi að fagmenn ástundi vandvirkni og heiðarleika í öllum sínum vinnubrögðum. Væri löggilding afnumin á iðngreinum gæti það haft þær afleiðingar að ringulreið skapaðist á markaði vegna þess að neytendur gætu trauðla metið hverjum má treysta og hverjum ekki.

Ekki er síður mikilvægt hvað varðar neytendavernd er sú hagkvæmni sem næst með faglegum vinnubrögðum iðnaðarmanna. Sú hagkvæmni skilar sér í meiri gæðum, þjónustu

og framleiðslu og sanngjarnara verði, þegar allir innan sömu iðngreinar keppa á sömu forsendum. Færa má rök fyrir því að það falli undir almannahag að þjónusta og framleiðsla iðnvarnings sé eins góð og hugsast getur, enda ríki eðlileg og heilbrigð samkeppni milli þeirra sem starfa innan hverrar faggreinar.

Það er reynsla þeirra sem starfa að menntamálum innan iðngreina að löggiltar greinar sæti betra eftirliti en ólöggiltar greinar. Auðveldara sé að ná markmiðum laga um iðn- og starfsnám vegna þess hve ítarlegar og nákvæmar reglur gilda um sveinspróf, nemaleyfi, skilyrði iðnaðarlaga um vinnustaðanáam og önnur skilyrði fyrirtækja sem taka nema á samning.

Á undanförnum árum hafa stjórnvöld lýst skýrum vilja til að gera iðngreinum og iðnnámi hærra undir höfði innan menntakerfis og í atvinnulífi. Með því að skerpa á iðnréttindum með skýrari úrræðum, eftirliti og stuðningi mætti styðja við það markmið stjórnvalda.

Þing Samiðnar leggur áherslu á að við endurskoðun iðnaðarlaga verði tryggt í lögum löggilding iðngreina enda takmarki hún sem slík ekki atvinnufrelsi nema að mjög takmörkuðu leyti og að það séu lagaskilyrði fyrir slíki takmörkun. Mikilvægt er að skilyrðin séu skýr og stefni að því að tryggja hagsmuni almennings..

Eðlilegt er að kanna hvort löggilding einstakra iðngreina eigi að falla brott eða nýjar starfsgreinar fái löggilding. Mælst er til að víðtækt samráð eigi sér stað um hvort löggilda eigi nýjar greinar eða fella burtu gamlar og fela starfsgreinaráðum viðkomandi greina að fjalla um þau erindi.

Stéttarfélag og fagfélög í iðnaði leggja sérstaka áherslu á að stjórnvöld bæti úr þeim úrræðum sem eru til staðar til að framfylgja iðnaðarlögum. Það verði gert með skýrari og fljótvirkari kæruleiðum sem tryggja bæði rétt þeirra sem vilja verja iðnréttindi sín, og réttindi þeirra sem hljóta sektir eða sæta stjórnvaldsúrskurðum.

Markmið með endurskoðun iðnaðarlaga ætti að vera að auka veg iðnréttinda, auka gæði iðnnáms og tryggja réttindi þeirra sem vilja hasla sér völl í iðnrekstri auk þess að tryggja rétt neytenda um öryggi og gæði þeirrar vöru og vinnu sem framleidd er á Íslandi.